

CARMEN

I

Góð nýjung var það, að fá þá loksns að heyra aftur Carmen. Og vonandi er að skammt verði þar til aftur gefst kostur á að heyra þetta dýrlega snilldarverk Bizets, þar sem vér vildum helst muna hvern einasta hljóm til þess að geta síðan tekið hann fram í endurminningunni. Jafnvel um Hómer var það sagt á þeim tímum, er hann þótti allra skálða mestur, að honum yrði þó á að dotta stundum. En um Bizet verður þetta ekki með sanni sagt. Frá hinum fyrsta tón til hins síðasta bregst honum aldrei listin, og andagiftin yfirgef-ur hann aldrei. Í þessu snilldarverki hans er jafnvel eins og ómur frá menningarástandi, fullkomnara miklu, en það er, sem enn ræður hér á jörðu. Carmen er ennþá Zukunfts-músik í bestu merkingu orðsins; þar hljómar ennþá eins og boðskapur um fegni framtíð. Hrifning mín af Carmen stendur vitanlega ekki í neinu sambandi við leiksöguna. Saga sú er — eins og víst annars í flestum óperum — heldur óhugnanleg. Mannleg ófullkomnun kemur fram á sérstaklega leiðinlegan hátt, þegar ástir leiða til morðs.

II

Nær er mér að halda, að engin ópera sem síðan hefir fram komið, sé takandi til jafns við snilldarverk Bizets, og að fram úr því verði tæplega komist, nema aldaskipti þau, sem nú dregur svo mjög til, takist þann veg, sem vér helst mundum kjósa. Fögnumur mannkynsins yfir því, að snuíð væri burt af Helvegi, mundi þá einnig lýsa sér í fegni tónverkum en áður hefðu heyrst. Og söguefnin munu þá verða stórum betri en nú tíðkast, og einmitt lúta að þeim viðburðum, er

gerast í sambandi við árroða hins fullkomnara lífs, þegar leiðin liggur ekki framar um dauðans dal, þar sem hver tilraun til að lifa stendur aðeins stutt og hlýtur að mistakast meir eða minna hroðalega.

III

EKKI GET ÉG TEKIÐ UNDIR MEÐ ÞEIM, SEM TELJA Richard Wagner betra tónskáld en Georges Bizet. Finnst mér mjög á hinn veginn. Og ef Útvarpinu er nokkur hugur á að stuðla að því að almenningur læri að hafa gagn og gleði af óperum, þá ætti að gefa kost á að heyra Carmen sem oftast, og þó að ekki væri nema einn þáttur á kveldi. Það er óhætt að segja, að sá sem ekki teldi tilhlökkunarefni að sjá eða heyra Carmen á dagskrá, er hann hefði heyrt verkið t. d. 5 sinnum, hefði enga sál fyrir músík, og munu þeir að vísu vera fáir hér á landi, sem svo er farið, jafnvel þó að menn hlusti mögulanarlítið á dansmúsík Útvarpsins, sem að svo miklu leyti má fremur kallast hrelling en hressing, og gegnir slíkt furðu nokkurri, sem nóg er til af góðum dansplötum.

Febr. 1935.